

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti þann 14. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis.

Í breytingunni felst að gatnakerfið er stækkað, lóðastærðum breytt og lóðum fjölgað. Stígar umhverfis svæðið og gróðurbelti eru sýnd til leiðsagnar. Nýtingarhlutfalli lóða er breytt. Lega jarðstrengs er færð inn á uppdrátt.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 662/2019.

Akranesi, 31. júlí 2019.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. ágúst 2019